

Nd.

515. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 7. apríl 1943, um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur meðtekið umsögn vegamálastjóra um frv. og tillögur þær til breytinga á vegalögum, sem fram hafa komið á þessu þingi, og fylgir bréf hans prentað með þessu nál.

Með hliðsjón af þessu hefur nefndin eftir atvikum fallið á að leggja til, að málið í heild (sbr. einnig frv. um vegalagabreyt. á þskj. 218) verði að þessu sinni afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að vegamálastjóri undirbúi fyrir næsta Alþingi þá endurskoðun á gildandi vegalögum, sem sanngjarnt og nauðsynlegt telst, að teknu tilliti til breytingartillagna, er fram eru komnar eða fram kunna að koma á yfirstandandi þingi, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. febr. 1946.

Gísli Sveinsson, form., frsm.	Lúðvík Jósefsson, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson.
Sveinbjörn Högnason.	Sigurður Bjarnason.	

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 19. febrúar 1946.

Vegalög, breytingartillögur.

Háttvirtar samgöngumálanefndir Alþingis hafa sent mér til umsagnar framkomið frumvarp um breytingar á vegalögum ásamt breytingartillögum.

Tillögur þessar allar nema ein eru um að bæta inn í 2. gr. vegalaganna nýjum vegaköflum, sem samtals eru að vegalengd um 758 km, sbr. viðfesta yfirlitsskrá. Vegakaflar þessir allflestir munu nú vera í tölu sýsluvega, en sumir eru til afnota fyrir örfáa bæi og eru hreppsvegir, en að minnsta kosti tveir eru í engum flokki, báðir í Mosfellssveit og gerðir af setuliðinu.

Á Alþingi því, er nú situr, var samþykkt breyting við lög um samþykktir um sýsluvegasjóði og þar hækkað allverulega framlag ríkissjóðs. Kom þá fram, að með þeirri breytingu væri jafnframt stefnt að því að draga úr framkomnum kröfum um nýja þjóðvegi.

Samkvæmt vegalögum 1933 var lengd þjóðvega nær 3500 km. Síðan hefur verið bætt við 1936 um 994 km, 1940 um 511 km og 1943 um 500 km, og er því lengd þeirra nú samtals um 5500 km. Hér af eru bílfærir vegir nokkuð yfir 4000 km.

Af þeim 758 km, sem nú er lagt til að verði bætt við, telst mér, að tæplega helmingur sé bílfær. Í núgildandi fjárlögum er veitt fé til nýbygginga á 109 vegaköflum og víðast aðeins smáupphæðir. Með tilliti til þeirrar nauðsynjar að koma á sem allra víðast vélanotkun, er vitanlega mjög óheppilegt að dreifa vegafénu svo sem hér er gert. Yrði nú bætt við nýjum vegum, mundi væntanlega ætlazt til þess, að fjárveitingar fengjust til nýbygginga, þar sem ella mundi um afturkipp að ræða, er nú er veitt úr sýslunum móti tillagi ríkissjóðs árlega fé til þess að mjaka áfram endurbótum á mörgum þessara vegakafla. Kæmi þá fram enn meiri dreifing nýbyggingarfjárins en nú. Þá yrði og að gera ráð fyrir talsverðri upphæð úr ríkissjóði til árlegs viðhalds þessara nýju vegakafla, en til glöggvunar um legu þeirra hef ég dregið þá inn á landsuppdrætti, er hér með sendast. Eru þeir þar sýndir með bláum línunum, fulldregnum, þar sem talið er bílfært, en slitnum þar, sem ekki er bílfært. Núverandi þjóðvegir eru sýndir með rauðum línunum. Sýna uppdrættir þessir þannig glögg þjóðvegakerfið eins og það er nú. Uppdrættir þessir þætti mér æskilegt, að yrðu endursendir.

Ef háttvirtar samgöngumálanefndir vilja fara inn á þá braut að taka inn nýja þjóðvegakafla á þessu þingi, gætu að mínu áliti nokkrir kaflar komið til greina, en ég vil þó mæla með því, að að þessu sinni verði ekki horfið að því ráði, og er þeirrar skoðunar, að frekar verði hækkað framlag ríkissjóðs til nýbygginga á akfærum sýsluvegum, þar sem ekki eru vegasjóðir, en nú er hámarkið jafnhátt og framlagið úr héraði nemur. Væri það hækkað upp í t. d. $\frac{2}{3}$ kostnaðar, mundi það muna sýslurnar miklu um fé til framkvæmda, en vitanlega mundi þá ekki nægja fjárveitingin, 200 þús. kr., sem nú er í þessu skyni, og ákvæði 15. gr. vegalaganna hér um þyrfti að breyta.

Það er vitanlega réttmætt, að ríkissjóður leggi riflega fram til innansveitarvega, til þess að örva þannig framkvæmdir til bættra framleiðsluhátta í sveitum. Þar sem um er að ræða vegaspotta með tiltölulega litilli flutningaþörf, svo sem yfirleitt má segja að hér sé, þá virðist mér eðlilegra, að þeirri stefnu verði frekar fylgt en að taka slíka kafla í þjóðvegatölu.

Á þskj. 218 er breytingartillaga við ákvæði 18. gr. núgildandi vegalaga um hreppsvegagjaldið, sem vitanlega er nú allt of lágt. Í 14. gr. er hliðstætt ákvæði um sýsluvegagjaldið, sem þar er einnig sett allt of lágt, eins og nú er komið verðlagi. Væri réttmætt og æskilegt að breyta báðum þessum ákvæðum. Mundi ég þó vilja

gera smábreytingu á þskj. 218, þannig að síðari málsliður orðist svo: „Hreppsnefnd skal ákveða gjaldið fyrir eitt ár í senn, og má það vera allt að því jafnhátt 10 klukkustunda kaupi, eins og það er reiknað í hreppnum við opinbera vegavinnu það ár.“

Hliðstæð breyting á 14. gr. yrði þannig:

„Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiði hvert hreppsfélag árlega gjald fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Skal sýslunefnd ákveða gjaldið fyrir eitt ár í senn, og má það vera allt að því jafnhátt 10 klukkustunda kaupi eins og það er reiknað hæst í sýslunni við vegavinnu í þjóðvegum það ár. Hreppstjórar“ o. s. frv. óbreytt.

Í 36. gr. vegalaganna segir m. a. svo: „.... Hús má ekki reisa nær vegjaðri en 4 metra.“ Það hefur komið í ljós, að oft getur verið óheppilegt vegna aðfennis, útsýnis fram eftir vegi, heimilisumferðar eða síðari breikkunar vegar að hafa hús svo nærri vegi, og þykir því rétt að hækka lágmarksfjarlægð þessa. Vil ég því, ef nokkur breyting verður gerð á vegalögunum á þessu þingi, leggja til, að í stað 4 m komi 10 m, og orðist málgreinin svo: „Hús má ekki reisa nær vegjaðri en 10 metra.“

Virðingarfyllt

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd Nd. Alþingis.

Framkomnar vegalagabreytingar á Alþingi 1945—1946.

Nd. þskj.		Lengd vegar km.
75	Vatnsnesvegur (frv.)	37,0
80	Árbæjarvegur	12,0
	Ásvegur	23,0
	Þórsmerkurvegur	3,0
81	Hríseyjarvegur	34,0
	Þórarinsstaðavegur	8,0
87	Ögurvegur	65,0
	Snæfjallastrandarvegur	27,0
	Staðarheiðarvegur	15,0
	Skorarheiðarvegur	23,0
96	Skriðdalsvegur	19,5
	Norðurdalsvegur	12,0
100	Skorradalsvegur	28,0
	Melasveitarvegur	14,0
	Leirársveitar- og Svínadalsvegur	19,0
106	Reynishverfisvegur	4,0
	Kirkjubæjarklaustursvegur	2,5
107	Reynishverfisvegur til Víkur	2,0
117	Úlfarsfellsvegur	9,0
	Reykjavegur	4,5
	Kleifavegur	22,0
	Stafholtstungnavegur	12,0
	Hraunhreppsvegur	7,0
131	Sauðárkróksbraut	18,5
	Hegranesvegur	10,0
145	Tunguvegur	4,0
147	Skagavegur kringum Skaga	47,0
148	Reykjabraut	13,0
154	Vetleifsholtsvegur	5,5
	Gunnarsholtsvegur	24,5

	Heiðarbraut	9,0
	Keldnavegur	11,5
	Bakkabæjavegur	18,0
168	Kiðjobergsvegur	9,0
	Reykjavegur	7,0
215	Hornsvegur	4,5
	Hvalnesvegur	7,0
218	Hreppsvegagjalðið, hækkun.	
240	Vattarnesvegur	6,0
247	Valbjófsstaðavegur	5,0
Ed. þskj.		
103	Haukadalsvegur	18,5
	Laugavegur	2,5
	Staðarhólsvegur	7,0
	Suðurfjarðavegur	25,0
	Rauðasandsvegur	8,0
	Örlygshafnarvegur	17,0
140	Fnjóskadalsvegur	17,0
	Laxárdalsvegur	27,0
	Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur + norðan Mývatns	16,0
152	Hörgárdalsvegur + út Hörgárdal	18,0

758,0 km